

A 1911/PRE

Flytjandi Norraen vinstri græn
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Þingmannatillaga um norrænt samstarf um Vestur-Sahara

Tillaga

Norraen vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær beiti sér ötullega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna fyrir því að sú þjóðaratkvæðagreiðsla sem heitið hefur verið fari fram sem fyrst, og

að gerð verði skýr tímaáætlun um þetta.

að samþykkt verði skýr tilmæli til norræns atvinnulífs og fjárfesta sem byggja á skuldbindingum í viðmiðunarreglum Sameinuðu þjóðanna um fyrirtæki og mannréttindi þess efnis að starfa ekki á hernumdum svæðum Vestur-Sahara eða versla með vörur frá hernámssvæðum Vestur-Sahara nema Polisario, sem eru viðurkenndir fulltrúar íbúa Vestur-Sahara, hafi veitt samþykki sitt.

Forsendur

Marokkó hefur frá árinu 1975 hertekið tvo þriðju hluta Vestur-Sahara þvert á ályktanir Sameinuðu þjóðanna og yfirlýsingu Alþjóðaglæpadómstólsins í Haag. Sameinuðu þjóðirnar hafa skilgreint Vestur-Sahara sem svæði sem nýtur ekki sjálfstjórnar en beri að veita sjálfstæði.

Sameinuðu þjóðirnar sömdu um vopnahlé milli Polisario og Marokkó árið 1991 en það fól í sér að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um sjálfstæði Vestur-Sahara undir eftirliti SP. Þjóðaratkvæðagreiðslan hefur ekki enn farið fram vegna þess að Marokkó hefur sífelld frestað henni og brugðið fæti fyrir friðarferlið. Eftir að spenna hafði ríkt lengi vegna yfirgangs Marokkós og brota á vopnahléi sagði Marokkó vopnahléinu upp í nóvember 2020. Sífelldar væringar eiga sér stað og hætt er við að stríðsátök magnist enn frekar.

Meginástæða hernámsins eru miklar náttúruauðlindir Vestur-Sahara, til dæmis fosfatnámur á landi og fiskur í sjónum. Samkvæmt alþjóðalögum tilheyrar þessar auðlindir íbúum Vestur-Sahara og þarf samþykki þeirra til þess að aðrir aðilar geti nýtt þær. Þessa kröfu er einnig að finna í lögfræðilíti Hans Corells, þáverandi yfirlögfræðings SP, árið 2002. Samkvæmt því á hugsanleg auðlindanýting að taka



mið af þörfum og hagsmunum íbúa Vestur-Sahara, þar á meðal að hugsanlegar tekjur renni til þeirra og þá í samræmi við vilja þeirra.

Engu að síður samþykkti Leiðtogaráð ESB að gera samning við Marokkó sem felur í sér breytingar á bókunum 1 og 4 í gildandi viðskiptasamningi í þeim tilgangi að tollfrelsi Marokkó nái einnig til afurða frá hernámssvæðum Vestur-Sahara. Samningarnir hafa í raun um langt skeið náð óbeint til Vestur-Sahara en þetta var í fyrsta sinn sem Leiðtogaráðið vildi beinlínis ná yfir hernámssvæðin.

Frelshreyfing Vestur-Sahara, Polisario Front, stefndi Leiðtogaráðinu fyrir Dómstól Evrópusambandsins 2019 með það fyrir augum að ógilda samninginn svo og fiskveiðisamninginn. Dómstóllinn tilkynnti 29. september 2021 að báðir samningar væru ógildir og brytu í bága við alþjóðarétt og Evrópulöggjöf. Enn fremur er því slegið föstu að ESB hafi í samningnum reynt að breyta orðalagi um kröfu um samþykki íbúa Vestur-Sahara á þá leið að hann ætti að taka tillit til hagsmuna íbúanna, en það stríðir gegn alþjóðalögum. Samkvæmt dómstólnum er þessi afstaða andstæð alþjóðalögum. Í mesta lagi mætti túlka þetta á þann veg að leita eigi álits óháðs aðila, en það er ekki lagalega gilt þar sem það jafngildir ekki samþykki.

Leiðtogaráð ESB hefur áfrýjað nýjasta úrskurðinum en Svíþjóð var eina ríkið sem greiddi atkvæði gegn áfrýjuninni.

Dómstóllinn hefur reyndar þegar skýrt frá því að Leiðtográðinu sé ekki heimilt að semja við Marokkó um málefni sem varða Vestur-Sahara, svo fremi íbúar Vestur-Sahara hafi ekki tekið þátt í samningaviðræðunum. Það gerði dómstóllinn árið 2015 þegar hann ógilti þann hluta viðskiptasamnings ESB við Marokkó sem varðaði landbúnaðar- og sjávarafurðir frá hernumdu Vestur-Sahara.

Norðurlöndin hafa áður unnið saman að því að efla mannréttindi í heiminum og styðja lýðræðispróun, til að mynda í baráttunni gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku. Norðurlöndin gætu gegnt mikilvægu hlutverki við lausn á málefnum Vestur-Sahara. Ef ekkert verður að gert er hætt við að núverandi átök stigmagnist. Þjóðar- atkvæðagreiðslan og yfirráð yfir náttúruauðlindum hernumda landsins skipta þar sköpum.

Ríkisstjórnir Norðurlanda verða að beita sér fyrir því að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram hið fyrsta og upplýsa norræn fyrirtæki sem fjárfesta í Marokkó um að þau eigi að hætta að gera brot á mannréttindum lögmæt.

Norðurlöndunum, 16. febrúar 2022

Christian Juhl (Ø)
Daniel Riazat (V)
Freddy André Øvstegård (SV)
Kathy Lie (SV)
Lorena Delgado Varas (V)

Orri Páll Jóhannsson (VG)
Rasmus Nordqvist (SF)
Sofia Geisler (IA)
Tobias Drevland Lund (R)
Veronika Honkasalo (VF)

